

# Pingborg ullarvinnsla

Fegurð hannyrðanna



Höfundur myndverks: Anna Karen Vilhjálmsdóttir



Erasmus+  
[www.erasmusplus.is](http://www.erasmusplus.is)

# Ekki grimmt pappírstígrisdýr

Verkefnið Fegurð hannyrðanna á vegum Þingborgar ullaarvinnslu snerist um að halda gamlar handverksaðferðir í heiðri og endurvekja þær til lífs í nútíma fatahönnun og framleiðslu. Hefðirnar voru kynntar í samstarfslöndunum Slóvakíu og Skotlandi auk þess sem aðstandendur verkefnisins hér á landi tóku þátt í og undirbjuggu sitt eigið námskeið. Auður Hildur Hákonardóttir segir tilgang verkefnisins þó ekki síst hafa verið að styrkja innviði Þingborgar.

„Tölur sýna að verkstæðið og verslunin, sem þar af leiðandi skiptir tölverðu máli í sínu umhverfi og samfélaginu, hefur styrkst og eflst umtalsvert á síðustu tveimur árum. Samband hefur haldist við skosku þátttakendurna og ferð til þeirra var skipulögð á eigin vegum. Innri styrking hópsins varð að veruleika og sá styrkur skilar sér út í samfélagið.“

Verkefnið leiddi af sér ýmsa skemmtilega viðburði þ.á.m. samkeppni í húfu- og hattagerð, námskeið í pappírsgerð úr villigrasi sem endaði á listsýningu í Norræna húsinu og svo tókst samvinna með einum skoska þátttakandanum og íslenskum grunnskólakennara um aðstoð við farandsýningu.

„Það sem kom mér á óvart var hvað hjól skipulagningarinnar snerust mjúklega og hvað sá grunnur sem verkefnið var byggt á hélt vel. Fyrir þá sem fyrst koma að svipuðum verkefnum virðist þetta vera grimmt pappírstígrisdýr. En það var mannbætandi að upplifa að samskipti fólks og gagnkvæmar heimsóknir eru gefandi á fínlegum nótum sem skila sér óbeint gegnum félagslega styrkingu,“ segir Auður.

„Það sem lærist í svona ferðum getur verið mjög einstaklingsbundið og alls ekki endilega það sem verið er að kenna eða sýna,“ heldur hún áfram. „Það sem stendur upp úr hjá mér er t.d. að sjá hvernig kindur voru mjólkaðar í Slóvakíu, 400 stykki tvisvar á dag, af ungum karlmönnum sem gerðu osta, en það var algerlega fyrir utan alla formlega dagskrá. Fararstjórinn þurfti að taka smá krók á leiðinni heim og kaupa ost en fyrir mér var þetta merkilegra en að sjá hvernig plísing er gerð upp á gamla mátann þótt það væri stórkostlegt líka.“

Auður segir stærstu uppgötvunina hinsvegar hafa verið „guba“ eða „kápa“ sem fannst á byggðasafni í Slóvakíu í undirbúningsferð verkefnisins og er skyldmenni vararfeldarins forna. Af öðrum afrakstri nefnir hún alþjóðlegan 200 manna Facebook hóp áhugafólks um gamla vefstaðinn. „Vitneskjan um hann er órjúfandi þáttur í menningu kvenna vítt um veröldina.“



Það sem lærist í svona ferðum getur verið mjög einstaklingsbundið og alls ekki endilega það sem verið er að kenna eða sýna